

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	22.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sandra Eiðsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ísak Örn Guðmundsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu, þess efnis að vöktunarmælingar voru ekki gerðar á Svarthamarsvík þegar hámarkslífmassa var náð í nóvember árið 2024.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Áætlað er að útsetning verði á Svarthamarsvík vorið 2026. Rekstraraðila er bent á að gera þarf ráð fyrir að útsetning getur frestast ef t.d. botn á stöðinni verður, að mati eftirlitsaðila, ekki búinn að jafna sig. 2) Merkja þarf betur með hættumerkjum, geymi sem inniheldur maurusýru á prammanum á Glímeyri. 3) Merkja þarf betur með hættumerkjum, geymi sem inniheldur maurusýru á prammanum á Svarthamarsvík.

Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Berufirði.

Fiskeldi Austfjarða, Berufirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 19. mars 2035. Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 9.800 tonnum af laxi, frjóum eða ófrjóum (að hámarki 7.500 tonn af frjóum laxi). Hámark lífmassa á hverjum tíma er 9.800 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Ekkert frávík kom fram í síðasta eftirliti en ein ábending var sett fram þess efnis að gild vöktunaráætlun skal vera til staðar. Rekstraraðili hefur skilað vöktunaráætlun til Umhverfis- og orkustofnunar og er hún í vinnslu þar.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi) og ársyfirliti vegna ársins 2024 var skilað þann 30. apríl 2025 og eru ekki gerðar athugasemdir við skilin.

Samkvæmt útreikningum var losun fosfórs frá rekstrinum 7 kg/frameitt tonn sem er innan heimilaðra marka skv. starfsleyfi.

Hámarkslífmassa á Svarthamarsvík var náð í nóvember 2024. Vöktunarmælingar voru ekki gerðar þá og er það frávík frá starfsleyfi. Vöktunarmælingar voru gerðar í apríl 2025 og er frávíkinu því lokað.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti og þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið

hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.
Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

5. Önnur mál

Í eftirlitinu var rætt um að áætlað er að útsetning fari fram á Svarthamarsvík vorið 2026. Rekstraraðila er bent á að gera þarf ráð fyrir að útsetning getur frestast ef t.d. botn á stöðinni verður, að mati eftirlitsaðila, ekki búinn að jafna sig.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði rekstraraðila og efnageymsla skoðuð. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang. Siglt var að kvíum á tveimur svæðum, þ.e. Glímeyri og Svarthamarsvík og prammar skoðaðir. Rekstraraðila er bent á að merkja geymi sem inniheldur maurusýru betur. Staðfest er að enginn búnaður er á stöðvunum Hamraborg og Gautavík.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Umhverfissvöktun í nærumhverfi eldisstöðva skal fara fram við hámark lífmassa á hverju svæði. Sýnataka fór ekki fram við hámark lífmassa á Svarthamarsvík í nóvember árið 2024.


ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Áætlað er að útsetning verði á Svarthamarsvík vorið 2026. Rekstraraðila er bent á að gera þarf ráð fyrir að útsetning getur frestast ef t.d. botn á stöðinni verður, að mati eftirlitsaðila, ekki búinn að jafna sig. 2) Merkja þarf betur með hættumerkjum, geymi sem inniheldur maurusýru á prammanum á Glímeyri. 3) Merkja þarf betur með hættumerkjum, geymi sem inniheldur maurusýru á prammanum á Svarthamarsvík.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.10.2025



Freyr Evarsson